

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 929/2010

2012/EES/12/38

frá 18. október 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi
evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar
(rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.
549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að
koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽²⁾, einkum
1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða
verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs
innan samevrópska loftrýmisins ⁽³⁾ er vísað til ýmissa
ákvæða sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur
mælt fyrir um. Frá því reglugerð (EB) nr. 1033/2006 var
samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt þessum
ákvæðum. Tilvísanirnar í reglugerð (EB) nr. 1033/2006
skulu uppfærðar til þess að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar
skuldbindingar aðildarríkjanna og tryggja samræmi við
alþjóðlegan lagaramma.
- 2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1033/2006 til
samræmis við það.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt
loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað 1., 2. og 3. liðar í viðaukanum við reglugerð (EB)
nr. 1033/2006 komi eftirfarandi:

- „1. Liður 3.3 í 3. kafla (flugáætlanir) úr 2. viðauka
Alþjóðaflugmálastofnunarinnar; Flugreglur (10. útgáfa,
júli 2005, ásamt öllum breytingum til og með nr. 42).
2. Liður 4.4 í 4. kafla (flugáætlanir) og liður 11.4.2.2 í 11.
kafla (skeyti um framvindu flugs) úr PANS-ATM skjali
Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 (15. útgáfa, 2007,
ásamt öllum breytingum til og með nr. 2).
3. Ákvæði 2. kafla (flugáætlanir) og liður 6.12.3 í 6. kafla
(áætlaður tími við svæðamörk) úr svæðisbundnum
viðbótarverklagsreglum, skjali nr. 7030, Svæðisbundnum
viðbótarverklagsreglum fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2008
ásamt öllum breytingum til og með nr. 2).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist
í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 273, 19.10.2010, bls. 4. Hennar
var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2.
desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-
samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 46.